



Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

Ragnheiður Elín Árnadóttir
Iðnaðar- og viðskiptaráðherra
Atvinnuvegaráðuneyti
150 Reykjavík.

Reykjavík 20. ágúst 2014

Varðar: Drög að þingsályktunartillögu um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína

Náttúruverndarsamtök Íslands fagna því að gefinn sé kostur á að gera athugasemdir við áform ráðherra um breytingar á raforkulögum 65/2003 sem og drög að tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína. Á hinn bóginn verður ekki annað séð en að markmið ráðherra með breytingum á raforkulögum og þingsályktunartillögunni sé að styrkja og efla þá stefnu Landsnets að einungis leggja loftlínur.

Ráðherra setur tóninn í viðmiðum þeim sem kynnt eru í drögum að þingsályktunartillögunni:

Í meginflutningskerfi raforku skal meginreglan vera sú að notast sé við loftlínur nema annað sé talið hagkvæmara eða æskilegra, m.a. út frá tæknilegum atriðum eða umhverfis- eða öryggissjónarmiðum.

Ennfremur segir:

Með tilliti til umhverfis- og öryggissjónarmiða skal meta í hverju tilviki fyrir sig hvort rétt sé að nota jarðstrengi á viðkomandi línuleið, eða afmörkuðum köflum hennar, á grundvelli eftirfarandi viðmiða sem réttlæta þá að dýrari kostur sé valinn:

1. Ef línuleið er innan skilgreinds þéttbýlisstaðar (þar sem búa fleiri en 200 íbúar).
2. Ef línuleið er innan friðlands, sem verndað er sökum sérstaks landslags, sbr. 53. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd.
3. Ef línuleið er innan þjóðgarðs.
4. Ef línuleið er innan friðlands sem verndað er af öðrum sökum en sérstaks landslags, sbr. 53. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.
5. Ef um sérstök öryggissjónarmið er að ræða, eins og t.d. flugöryggi í nálægð við flugvelli eða bætt afhendingaröryggi raforku.

Meginreglan, meginstefna ráðherra, virðist vera sú að ekki að hafa að leiðarljósi neins konar meginreglur eða viðmið heldur *skal meta í hverju tilviki fyrir sig hvort rétt sé að nota jarðstrengi á viðkomandi línuleið*. Með öðrum orðum, markmið ráðherra virðist vera að slá ryki í augu almennings.

Við bætist að Landsnet fá aukið sjálfræði án aðhalds frá almenningi og/eða opinberum stofnunum. Um leið og kerfisáætlun liggur fyrir getur Landsnet haft sína hentugleika, aðkoma almennings yrði sáralítill.

Eftir að Orkustofnun hefur blessað framkvæmdaáætlun Landsnets mun aðkoma sveitarfélaga verða næsta lítil. Sveitarfélög sem hafa staðið gegn áformum Landsnets um loftlínur verða skák og mát.

Í drögum að frumvarpi segir:


Sveitarfélögum ber við næstu endurskoðun aðalskipulags, eigi síðar en innan fjögurra ára frá samþykkt kerfisáætlunar, að samræma skipulagsáætlanir vegna verkefna í staðfestri 10 ára kerfisáætlun.

Á undanförunum misserum hefur krafan um að háspennulínur verði lagðar í jörð fengið byr undir báða vængi. Með framkomnum drögum að frumvarpi til breytinga á lögum nr. 65/2003 og drögum að þingsályktun er iðnaðarráðherra ekki að bregðast við þeim óskum. Náttúruverndarsamtök Íslands skora á ráðherra að endurskoða þessi plögg frá grunni og setja viðmið og meginreglur sem eitthvað hald er í. Ein slík er varúðarreglan.

Náttúruverndarsamtök Íslands minna á að iðnaðarráðherra er jafnframt ráðherra ferðamála en ferðaiðnaðurinn byggir fyrst og fremst á einstakri fegurð náttúru landsins.

Virðingarfyllst,

f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands,



Árni Finnsson.